

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 175/2012

2012/EES/70/23

frá 28. september 2012

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/572/ESB frá 20. september 2010 um reglufestan aðgang að næstu kynslóð aðgangsneta (NGA) ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 26k (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/750/ESB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„26l. **32010 H 0572**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/572/ESB frá 20. september 2010 um reglufestan aðgang að næstu kynslóð aðgangsneta (NGA) (Stjtíð. ESB L 251, 25.9.2010, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2010/572/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 251, 25.9.2010, bls. 35.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.